


Eldgos

Eftir jarðskjálftahrinu á Reykjanesi hófst eldgos í Fagradalsfjalli þann 19. mars síðastliðinn. Síðan þá hafa bæst við fleiri gosgígar á svæðinu og margir landsmenn hafa gert sér ferð að gossvæðinu til að berja gosið augum.

Hvar hefur fólk leitað upplýsinga um gosið?


Flestir landsmenn hafa leitað sér frekari upplýsinga um eldgos í Geldingadal. Eins og í fyrri mælingu Þjóðarpúls Gallup hafa flestir þeirra leitað upplýsinga í fréttamiðlum á netinu, eða ríflega þrjú af hverjum fjórum, og næst flestir í sjónvarpi, eða hátt í 63%. Frá fyrri mælingu, sem gerð var nokkrum dögum eftir að gosið hófst, hefur þeim fjölgað sem leita sér upplýsinga um gosið á vef Veðurstofu Íslands, en hátt í helmingur hefur nú gert það. *¹

*¹ svarendur gátu merkt við fleiri en einn svarmöguleika svo hlutfall er reiknað af fjölda svarenda en ekki fjölda svara, samantögd hlutföll eru því yfir 100 %.



Hve margir hafa farið að sjá gosið?


Í byrjun apríl höfðu 16% fullorðinna landsmanna farið að gosinu en þeim fjölga stöðugt sem fara á svæðið til að berja gosið augum og nú hefur ríflega fjórðungur gert það. Nær 3% til viðbótar hafa farið í áttina að gosinu og séð bjarmann af því og 19% hafa ekki séð gosið en hafa séð bjarmann af því án þess að gera sér sérstaka ferð til þess. Ríflega helmingur landsmanna hefur ekki enn séð gosið með eigin augum.



Hve margir ætla að sjá gosið?

Af þeim sem hafa ekki farið að eldgosinu og séð það með eigin augum telur rösklega helmingur líklegt eða öruggt að hann muni gera það, og er það heldur hærra hlutfall en í fyrri mælingu þrátt fyrir að þeim hafi fjölgað sem þegar hafa farið.

Líkur á að fara að eldgosinu *



* meðal þeirra sem höfðu ekki þegar farið að eldgosinu

Spurt var:

Hefur þú leitað þér frekari upplýsinga um eldgosid, og þá hvar?

Hefur þú farið að eldgosinu í Fagradalsfjalli til að sjá það með eigin augum?

Hversu líklegt eða ólíklegt telur þú að þú munir fara að eldgosinu í Fagradalsfjalli til að sjá það með eigin augum?

Niðurstöður sem hér birtast eru úr netkönnun sem gerð var dagana 31. mars—14. apríl 2021.

Þátttökahlutfall var 51,8%, úrtaksstærð 1.584 einstaklingar 18 ára eða eldri af öllu landinu valdir af handahófi úr Viðhorfhópi Gallup.

Notkun á efni Þjóðarpúls Gallup og tilvitnun í það er heimil svo lengi sem heimilda er getið.

Útgefið af: Gallup Lynghálsi 4, 110 Reykjavík Sími: 540 1200 Netfang: sigrun.drifa@gallup.is

Umsjón með útgáfu: Sigrún Drífa Jónsdóttir

Ábyrgðarmaður: Ólafur Elínarson © Íslenskar markaðsrannsóknir 1993. © Gallup á Íslandi 2015. Allur réttur áskilinn.